

Hrafnhildur Lúthersdóttir

29 Nóvember 2020

Efni: Tillaga til þingslályktunar um launasjóð íslensk afreksíþróttafólks, 524. mál.

Ég, Hrafnhildur Lúthersdóttir, fyrrum landsliðskona í sundi fyrir Íslands hönd styð og fagna ofangreindri tillögu um launasjóð fyrir afreksíþróttafólk. Með því að auka fjárhagslegt öryggi og réttindi afreksíþróttafólks meðan þau stunda íþróttina sína þá munu þau haldast lengur í íþróttinni og geta þar af leiðandi verið fyrirmyndir fyrir komandi kynslóðir. Ég get sagt af eigin reynslu að ef ég hefði fengið þennan stuðning og launasjóð þegar ég var að keppa sem mest þá hefði ég eflaust ekki hætt þegar ég var aðeins 27 ára gömul, og frekar haldið áfram að keppa, haft minni áhyggjur af framtíð minni og mínum réttindum. Með því að hafa minni fjárhagslegar áhyggjur, þá geta íþróttamenn einbeitt sér frekar að sinni íþrótt og staðið sig sem best.